



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 15 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

35. grein

UNGMENNAFLOKKUR KVENNA

- Aldur: 19 og 20 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Hverju liði er heimilt að tefla fram allt að þremur leikmönnum sem eru ~~23~~25 ára eða yngri, sem ekki eru meðal sjö mínútuhestu leikmanna meistaraflokks karla. Aldur leikmanns miðast við áramót sbr. 14. grein.

Deildarkeppni

~~Í ungmennaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félag eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félag eru 12 eða fleiri.~~

~~Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félag sem taka þátt 19 eða fleiri. Hvert lið í ungmennaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.~~

a) Deildarkeppni

Í ungmennaflokki skal leikið í 1.deild kvenna. U-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild.

b) Úrslitakeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag úrslitakeppni.

Greinargerð:

F.h. kkd. Hamars

Halldór Karl Þórsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 15 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn mótanefndar

Athuga þarf hvort eðlilegt sé að bæði ungmennaflokkslið og B lið meistaraflokka eigi erindi inn í 1. deild kvenna. Mögulegt er að til verði 2. deild kvenna sem verði nánast einungis deild ungmennaflokksliða. Einnig þarf að taka til að í 1. deild kvenna er jöfnunarsjóður dómarakostnaðar, sem myndi deilast niður á öll lið deildarinnar, líka ungmennaflokkslið.

Einnig þarf að athuga hvort regla með 7 mínútuhestu leikmenn A liðs félags ætti ekki að eiga við um ungmennaflokkslið, þar sem hér er verið að tala um að ungmennaflokkslið eru að keppa í meistaraflokki. Í því samhengi er bent á að ungmennaflokkur er skipulagður fyrir 19-20 ára fullorðna einstaklinga og með samþykki tillögunnar er verið að færa ungmennaflokk upp í keppni meistaraflokka.

Jafnframt þarf að skoða það hvernig eigi að nálgast það ef lið í 1. deild kvenna vilji skrá lið til keppni í ungmennaflokki.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld